

„Frá orðum til athafna“

Framkvæmdaráðsfundur Delta Kappa Gamma var haldinn 3. september 2011 í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík.

Fundurinn hófst kl. 9:30 og fyrir hádegi mættu nýja landssambandsstjórnin, fyrrverandi forseti landssambandsins og formenn deilda.

Sigríður Ragna Sigurðardóttir, forseti landssambandsins, ávarpaði fundinn og gerði einkunnarorð næsta starfstímabils, „Frá orðum til athafna“ að umtalsefni og ræddi nauðsyn þess að efla starfið og gera það sýnilegra. Hún benti á að nú eftir 36 ára starfsemi eru yfir 300 félagar í 12 deildum í DKG á Íslandi.

Ingibjörg Jónasdóttir las fundargerð síðasta framkvæmdaráðsfundar og var hún samþykkt.

Drög að framkvæmdaáætlun fyrir starfstímabilið 2011-2013 voru kynnt og rædd.

Hvað viljum við vera? Hvernig náum við því?

Fundarkonur unnu að tillögum um eflingu starfs DKG og kynningu á samtökunum.

Eftir hádegishlé bættust í hópinn konur í alþjóðanefndum og nýskipaðir formenn nefnda.

Guðbjörg Sveinsdóttir gjaldkeri minnti formenn á fjármálaábyrgð og að hver deild skuli skila inn árgjöldum fyrir 11. nóvember.

Konur í alþjóðanefndum kynntu nefndirnar og fjölluðu um nefndarstörf sín á Evrópuþinginu í Baden Baden og í BNA.

Fundi var slitið kl. 16:00